

um Laxárvirkjunina.

(Lagt fyrir Alþingi á 68. löggjafarþingi, 1949.)

1. gr.

Laxárvirkjunin nefnist í lögum þessum núverandi virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu við Brúar og aukningar hennar allt að fullvirkjun fallsins í þeim gljúfrum og tekur yfir orkuverið og aðalorkuveituna til Akureyrar.

Laxárvirkjunin skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi samkvæmt reglugerð, sem ráðherra staðfestir.

Heimili og varnarþing Laxárvirkjunarinnar skal vera á Akureyri.

2. gr.

Akureyrarkaupstað er heimilað að reka Laxárvirkjunina og auka hana frá því, sem nú er, samkvæmt lögum þessum.

Ríkissjóður ábyrgist lán, sem Akureyrarkaupstaður tekur til aukningar Laxárvirkjunarinnar, sbr. 1. málsgrein, að upphæð allt að 22 milljónum króna eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, þó eigi yfir 85% af kostnaðarverði, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

3. gr.

Þegar hafin verður virkjun næst eftir þeirri, sem nú er í undirbúningi og hvenær sem er eftir það, getur ríkissjóður gerzt meðeigandi að Laxárvirkjuninni með því að kaupa helming mannvirkja hennar. Kaupverðið eða hluta þess má ríkissjóður inna af hendi með því að taka á sig ábyrgð að tilsvarendi hluta lána og annarra greiðsluskuldbindinga fyrirtækisins. Kaupverð mannvirkja, sem fyrir eru, þegar lög þessi ganga í gildi, skal, ef samkomulag fæst ekki, ákveðið með mati samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms, en kaupverð þeirra mannvirkja, sem gerð eru eftir þann tíma, skal vera kostnaðarverð þeirra, að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Síðari aukningar framkvæma Akureyrarbær og ríkissjóður í félagi og kosta að jöfnu, unz fallið við Brúar er fullvirkjað, nema samkomulag verði milli aðila um aðra tilhögun.

4. gr.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi að Laxárvirkjuninni samkvæmt 3. gr., skal stjórn fyrirtækisins falin nefnd 5 manna, sem nefnist stjórn Laxárvirkjunarinnar, og tilnefnir bæjarstjórn Akureyrar tvo menn í stjórnina, ríkisstjórnin tvo, en hæstiréttur fimmta manninn. Skal hann vera búsettur á orkuveitusvæðinu. Stjórnin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Stjórn Laxárvirkjunarinnar hefur á hendi stjórn og rekstur hennar, undirbúning og framkvæmd aukninga og breytinga á mannvirkjum hennar. Hún getur ekki skuldbundið eigendurna að því er snertir ábyrgð á lánnum og greiðsluskuldbindingum til aukinna framkvæmda eða breytinga á mannvirkjum, nema að fengnu samþykki þeirra hvors um sig.

Þegar ríkissjóður er orðinn meðeigandi í Laxárvirkjuninni, skulu nánari fyrir-mæli um stjórn og rekstur virkjunarinnar sett í reglugerð, sem stjórn Laxárvirkjunarinnar setur með samþykki beggja eigenda og ráðherra staðfestir, sbr. og 1. gr.

5. gr.

Áður en byrjað er á nýju verki eða aukningu eða breytingu á mannvirkjum, sem fyrir eru, skal senda ráðherra uppdrætti af hinum fyrirhuguðu framkvæmdum, ásamt lýsingu af þeim. Getur ráðherra krafizt þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun verksins, sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna að dómi sérfræðinga ríkisstjórnarinnar.

6. gr.

Laxárvirkjunin selur rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins raforku við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%. Skal verð þetta, ef samkomulag ekki næst, ákveðið með mati, samkvæmt 147. gr. 1. b. vatnalaganna frá 1923.

Allur tekjuafgangur, sem verða kann af rekstri Laxárvirkjunarinnar, rennur í varasjóð hennar. Varasjóðnum má eingöngu verja í þágu Laxárvirkjunarinnar og til aukninga á mannvirkjum hennar.

7. gr.

Skylt er Laxárvirkjuninni að selja rafveitu Akureyrar og rafmagnsveitum ríkisins það afl, sem þessir aðilar þurfa til þess að fullnægja rafafliþörfinni hvor á sínum hluta orkuveitusvæðisins, meðan afl virkjunarinnar endist.

Þegar fallið í gljúfrunum við Brúar er fullvirkjað og farið er að afla viðbótarafis frá öðrum orkuverum, skal afl Laxárvirkjunarinnar skiptast á milli eigenda í sama hlutfalli og eignin skiptist milli þeirra, nema samkomulag verði um annað. Hvorugum aðilanum skal þó skylt að láta af hendi það afl, sem hann hefur fest kaup á og tekið í notkun, fyrr en fallið er fullvirkjað og nægilegt afl er fengið annars staðar frá.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 43 13. júní 1937, um virkjun Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Margt er svipað með Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu og Soginu að því er tekur til skilyrða til hagnýtingar afis þeirra. Báðar árnar renna á kafla um töluverða bratta og eru fossar í þeim. Þær renna úr stórum stöðuvötnum og hafa því tiltöulega jafnt rennsli allt árið um kring, og eru bergvatnsár með litlum sem engum framburði. Fremur auðvelt er að virkja þær í áföngum, en eru þó fullvirkjaðar svo aflmiklar, hvor um sig, að nægir um alllangan aldur þeim landshlutum, sem þær eru í. Hins vegar er í hvorugum þessum landshluta um aðrar ár að ræða, sem séu svipað því eins vel fallnar og þessar til orkuvinnslu til almenningsþarfa, á meðan ekki er um meiri aflþörf að ræða en nú er og verða mun fyrst um sinn. Fjarlægð Laxár frá Akureyri er svipuð fjarlægð Sogsins frá Reykjavík. Það er eðlilegt, að íbúar þessara kaupstaða hafi orðið á undan öðrum íbúum landshlutanna að hagnýta sér afl þessara fallvatna, svo miklu auðveldara er það í þéttbýli en í strjálbýli að koma upp rafveitum. Frá upphafi var þó að sjálfsögðu út frá því gengið, að íbúar allra nálæggra héraða yrðu aðnjótandi afis þessara fallvatna svo fljótt sem tóku yrðu á, og kemur þetta fram í lögum, sem Alþingi hefur sett um virkjanir Sogsins og Laxár.

Frv. til laga um virkjun Sogsins mun fyrst hafa verið samið af Jóni Þorlákssyni og Sigurði Jónassyni, en þeir voru kjörnir í undirnefnd í þessu skyni úr millipinganefnd í raforkumálum árið 1931. Frumvarpið var lagt fram í nefndinni 15. marz 1931 og samþykkt á fundi hennar 18. marz s. á. og sent til ríkisstjórnarinnar. Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi 31. maí 1933, að telja óbreytt. Lögín mæla svo fyrir, að jafnframt því að virkjunin selur raforku til rafmagnsveitu Reykjavíkur, er henni skylt að láta í té raforku til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði, að viðbættum allt að 5%, að Reykjavíkurbæ er skylt að auka virkjunina í þessu skyni, ef með þarf, allt upp í það, að fallvatnið sé að hálfu fullvirkjað, en þegar auka þurfi virkjunina fram yfir það, að fallvatnið sé virkjað til hálfis, skuli ríkisstjórnin framkvæma aukninguna og ríkissjóður gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, nema samkomulag verði við bæjarstjórn Rvíkur um aðra tilhögun. Varasjóður virkjunarinnar verði þá eign Reykjavíkurbæjar að rétttri tiltölu við greiðslur þær, er sjóðurinn hefur myndast af, frá rafmagnsveitu Reykjavíkur annars vegar og notendum utan hennar hins vegar, en stjórn fyrirtækisins verði þá skipuð 5 mönnum: tveim, er bæjarstjórn Reykjavíkur kys, tveim, er tilnefndir verða af þeim aðilum utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, og hinum fimmta, er hæstiréttur tilnefnir. Á þingi 1946 var Sogslögum breytt tilils háttar, og eru þetta helztu breytingar og við-

bætur, sem máli skipta í þessu sambandi: Orðalagi nokkurra greina er breytt þannig, að tæki af allan vafa um það, að lögin ættu við fulla virkjun Sogsins, allt frá Þingvallavatni niður fyrir Kistufoss; ríkissjóði var veittur réttur til að gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni fyrr en Sogið væri virkjað að hálfu, og loks var svo ákveðið, að í stað þeirra aðila utan rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem njóta orku frá Sogsvirkjuninni, skyldi ríkisstjórnin tilnefna menn í stjórn virkjunarinnar.

Lögin um virkjun Laxár í S.-Þing. voru samþykkt á Alþingi 1937, á fyrra þingi þess árs. Þau eru ekki eins ýtarleg eins og lögin um Sogsvirkjunina, enda var frv. samið í flýti og fram borið undir lok þings svo seint, samkv. ummælum flm., þm. Akureyrar, að tími hafði ekki orðið til að senda bæjarstjórn Akureyrar það til meðferðar né bera það undir þingmenn þeirra héraða, sem hagsmuna höfðu að gæta í sambandi við virkjunina. Vegna þess undirbúnings, sem þegar var hafinn af hálfu Akureyrarkaupstaðar, var rík áherzla lögð á, að fá frv. afgreitt á því þingi og fór það með afbrigðum gegnum báðar deildir þingsins á síðustu dögum þess. Í lögnum um virkjun Laxár er þó gert ráð fyrir því, að þá raforku, sem umfram kann að verða þörf notenda í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, selji Laxárvirkjunin til almenningsnota í nærliggjandi héruðum við kostnaðarverði að viðbættum 10%, þó aldrei herra verði en greitt er fyrir raforkuna á Akureyri miðað við afhendingu á sama stað. Enn fremur er Akureyrarbæ heimilað að auka virkjunina í þessu skyni, þegar á þarf að halda og fé er fyrir hendi.

Árið 1947 var raforkusala frá Sogsvirkjuninni til notenda utan Reykjavíkur 23½% af allri raforkusölu hennar. Þessi hluti á eftir að aukast á næstu árum, en þó ekki mjög ört. Íbúar í Reykjavík eru nú taldir 52000. Tala þeirra, sem nota rafmagn frá Sogi utan Reykjavíkur, er sem stendur kringum 11500. Nýjar veitur munu bæstast við síðar, en þó tiltölulega fámennar. Íbúar Akureyrar og Glerárþorps eru nú taldir 7000. Nú þegar nota rafmagn frá Laxárvirkjuninni kringum 1470 manns utan Akureyrar. Þegar Dalvíkurlínan hefur verið lögð, hækkar þessi tala upp í ca. 3000. Er þá enn eftir að tengja fjölmenn héruð, jafnvel kaupstaði, við Laxárvirkjunina. Afl Laxárvirkjunarinnar verður því væntanlega tiltölulega meira notað utan Akureyrar en afl Sogsvirkjunarinnar utan Reykjavíkur. Bæði þessi orkuver verða þó án efa síðar þættir í enn stærri orkuveitukerfum.

Hinn 11. okt. 1946 sótti bæjarstjórn Akureyrar til atvinnumálaráðuneytisins samkvæmt raforkulögnum um leyfi til að mega auka Laxárvirkjunina. Sérfróðir ráðunautar ríkisstjórnarinnar töldu ekki þær rannsóknir og áætlanir um virkjunina, sem gerðar höfðu verið, fullnægjandi. Jafnframt taldi ríkisstjórnin þurfa að athuga nánar, á sama hátt og gert hafði verið í sambandi við virkjun Sogsins, á hvern hátt skyldi tekið tillit til þess, að Laxárvirkjunin gat ekki skoðast orkugjafi Akureyrarbæjar sérstaklega, en að auðsætt var, að Þingeyjar- og Eyjafjarðarsýslur og væntanlega enn stærri hluti landsins hlaut um alllangan aldur að sækja raforku sína í Laxárvirkjunina. Ráðuneytið skýrði því bæjarstjórn Akureyrar frá því, að það teldi, að þessi hlið málsins yrði að takast til nánari athugunar, en ríkisstjórnin myndi leita heimildar Alþingis til þess að mega, meðan slík athugun færi fram, láta halda áfram og ljúka tekniskum undirbúningi að virkjun og jafnvel hefja framkvæmd hennar, svo að dráttur þyrfti ekki að verða á framkvæmd verksins. Alþingi veitti þessa heimild með þingsályktun um aukningu Laxárvirkjunarinnar, sem samþykkt var 24. maí 1947.

Síðan hafa farið fram allangvarandi viðræður milli fulltrúa ríkisstjórnarinnar annars vegar og fulltrúa bæjarstjórnar Akureyrar hins vegar um það, hvernig stjórn og eignarumráðum yfir Laxárvirkjuninni skyldi háttað famvegis. Lögðu fulltrúa ríkisstjórnarinnar til, að Laxárvirkjunin yrði nú þegar gerð að sameign Akureyrarbæjar og ríkisins og töldu, að Laxárvirkjunin væri að öllu leyti svo hliðstæð Sogsvirkjuninni, að um Laxárvirkjunina mættu gilda sams konar ákvæði

og samningar sem um Sogsvirkjunina. Bæjarstjórn Akureyrar óskaði þess hins vegar mjög eindregið, að mega sjálf auka virkjunina og reka hana áfram.

Að lokum hefur orðið samkomulag um, að ríkisstjórnin legði fram á Alþingi frumvarp það til laga um Laxárvirkjunina, sem hér liggur fyrir.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

#### Um 1. gr.

Af sérfræðingum ríkisstjórnarinnar er það talið eðlilegt og raunar nauðsynlegt, að virkjun alls fallsins í gljúfrunum við Brúar sé rekið sem eitt fyrirtæki. Enda þótt fallið verði virkjað í tvennu lagi í þeim skilningi, að stíflur verði tvær og vélahús tvö, þá verða mannvirkin svo samantengd og rekstur svo samtvinnuður, að líta ber á þetta sem eitt orkuver og haga rekstrinum samkvæmt því. Á tillögu, sem fram hefur komið, um það, að tveir aðilar virki hvor sinn hluta af fallinu, verður því ekki fallið. Ef Laxá verður virkjuð víðar, svo sem uppi við Mývatn og við Laxamýri, þá verður að sjálfsgöðu samvinna nauðsynleg milli þeirra orkuvera og Laxárvirkjunarinnar um vatnsnotkunina, en þetta verða þó í eðli sínu sjálfstæð orkuver og geta verið aðskilin fyrirtæki. Laxárvirkjunin er því í greininni skilgreind sem virkjun fallsins í gljúfrunum við Brúar allt að fullvirkjun þess.

Það verður að teljast af ýmsum ástæðum eðlilegt, að háspennutaugar til Akureyrar og aðalspennistöð þar heyri með til Laxárvirkjunarinnar á sama hátt og veita frá Sogi til Reykjavíkur telst til Sogsvirkjunarinnar.

Nauðsyn þess, að Laxárvirkjunin sé rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi, leiðir af því, sem þegar er sagt, enda er einnig svo fyrir mælt í núgildandi lögum um virkjun Laxár og tilsvareandi ákvæði í lögum um Sogsvirkjunina.

#### Um 2. gr.

Eins og 3. gr. segir, er í frv. ekki gert ráð fyrir, að ríkissjóður verði meðeigandi Laxárvirkjunarinnar fyrr en kemur að næstu virkjunaraukningu eftir því sem nú er í undirbúningi, og framkvæmi því Akureyrarbær þessa aukningu. Er nú fyrirhuguð virkjun neðri hluta fallsins í gljúfrunum við Brúar, 11500 hö., og er heildarkostnaður virkjunarinnar ásamt aðalorkuveitu til Akureyrar áætlaður um 25 milljónir króna. Er lagt til, að ríkissjóður ábyrgist lán, er Akureyrarbær tekur til virkjunarinnar, allt að 85% af stofnkostnaði, eins og venja er orðin.

#### Um 3. gr.

Þessi grein, sem fjallar um heimild ríkissjóðs til að gerast meðeigandi að Laxárvirkjuninni, styðst að nokkru leyti við 7. gr. Sogsvirkjunarlaganna. Þau lög gera ríkinu að skyldu, ef Reykjavík óskar þess, að gerast meðeigandi að Sogsvirkjuninni, þegar virkjunin verður augin fram yfir það, að Sogið sé virkjað að hálfu, en heimilar hins vegar ríkinu að gerast meðeigandi fyrr.

Þetta frv. veitir ríkisstjórninni heimild til að gerast meðeigandi að Laxárvirkjuninni um leið og farið er að auka hana fram yfir þá virkjun, sem nú stendur fyrir dyrum, en gerir ríkisstjórninni það hins vegar ekki að skyldu. Það virðist þó mega ganga út frá því, eins og raforkulöggjöf landsins er nú háttáð, að ríkið myndi gerast þátttakandi í virkjuninni, hvenær sem Akureyrarbær kynni að æskja þess. Þá er svo fyrir mælt í grein þessari, að mannvirki, sem gerð verða eftir að frv. þetta verður að lögum, gangi inn í sameignina með kostnaðarverði, að frádræginni eðlilegri fyrningu, ef ríkið gerist meðeigandi virkjunarinnar. Um verð mannvirkja, sem nú þegar eru fyrir hendi, fari fram samningar, en það ákveðist með mati, ef samkomulag næst ekki, sbr. tilsvareandi grein Sogslaganna.

Um 4. gr.

Í Sogsvirkjunarlögnum var svo fyrir mælt, að stjórn Sogsvirkjunarinnar skyldi, þegar ríkið væri orðið meðeigandi, skipuð 5 mönnum, tveim tilnefndum af bæjarstjórn Reykjavíkur, tveim af ríkisstjórninni og hinum fimmta tilnefndum af hæstarétti. Þessu hefur nú verið breytt með lögum, og er nú bæjarstjórn ætlað að tilnefna 3 en ríkisstjórninni 2, meðan Reykjavíkurbær á meira en helming virkjunarinnar.

Með því að frv. gerir ráð fyrir, að eignin skiptist ávallt að jöfnu milli aðila, ef til sameignar kemur, þykir vel viðeigandi að hafa ákvæði um skipun stjórnar Laxárvirkjunarinnar tilsvareandi fyrri ákvæðum Sogsvirkjunarlaganna um stjórn hennar.

Um 5. gr.

Greinin þarf ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Ganga má út frá því, að aðalviðskiptavinir Laxárvirkjunarinnar verði rafveita Akureyrar og rafmagnsveitur ríkisins, með því að gera verður ráð fyrir, að rafmagnsveitur ríkisins sjá um orkuflutning frá virkjuninni til annarra notenda en á Akureyri samkvæmt raforkulögum. Greinin tryggir báðum þessum aðilum raforku við kostnaðarverði, því að ákvæðið um 5% álagningu, sem er sú sama sem Sogslögin leyfa, er fremur sett með hliðsjón af því, hve erfitt er að ákveða kostnaðarverð nákvæmlega, heldur en með hagnað handa fyrirtækinu fyrir augum. Hins vegar verður að reikna með því, að í kostnaðarverði sé meðreiknað hæfilegt gjald í varasjóð. Orðalag greinarinnar útilokar ekki þann möguleika, að raforka verði seld þriðja aðila eftir því sem lög standa til að öðru leyti.

Það mun mega telja það orðið viðurkennt hér á landi, að tekjuafgangi, sem verða kann af rekstri raforkuvera og raforkuveitna beri að verja eingöngu í þágu fyrirtækjanna sjálfra eða til vaxandi raforkuöflunar yfirleitt, svo mikil eru verkefni framundan á þessu sviði. Tilgangurinn með ákvæðinu, að tekjuafgangur skuli renna í varasjóð fyrirtækisins, er að tryggja þetta að því er Laxárvirkjunina snertir.

Um 7. gr.

Rétt þykir að ganga út frá þeirri aðalreglu, að telja eftirspurn eftir raforku jafnrétt háa, hvar sem er á orkuveitusvæðinu, utan Akureyrarkaupstaðar sem í kaupstaðnum. Þetta haggar þó ekki þeirri sjálfsögðu reglu, að mikilsvarðandi raforkunotkun (svo sem til ljósa, ýmiss konar iðnaðar m. m.) verði látin sitja fyrir þeirri, sem minna máli skiptir (t. d. hlyðlahtun), ef svo fer, að takmarka þarf rafmagnsnotkun vegna aflskorts.

Óhjákvæmilegt þykir að taka fram, hvornig afl virkjunar skuli skiptast milli eigenda að lokum, þegar fallið er fullvirkjað og fullnotað og virðist þá eðlilegast, að það skiptist í sama hlutfalli og eignin, nema samkomulag verði um annað, þegar þar að kemur.